

63

8. júní

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 44, 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð
í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. Skarðavegur: Frá Sauðárkróki á fjallveginn við Heiði í Gönguskörðum.
2. Laxárdalsvegur: Frá fjallveginum á Grímsáreyrum um Laxárdal að Selvík.
3. Skagavegur: Frá Selárbrú út efri leið að Hrauni á Skaga.
4. Reykjastrandavegur: Frá Gönguskarðsárbrú að Reykjum á Reykjaströnd.
5. Borgarvegur: Frá þjóðveginum austan og sunnan Sauðár, að svonefndu Vatns-
viki við Áshildarholtsvatn.
6. Sæmundarhlíðarvegur: Frá þjóðveginum hjá Geitagerði fram Sæmundarhlíð á
þjóðveginum á Vatnsskarði.
7. Vallhólmsvegur: Frá Skagfirðingabraut við bæinn Velli, suður á gamla póst-
vegin og austur að Hringeyjarlæk.
8. Goðdalsvegur: Frá þjóðveginum sunnan við Reykjarhól að Goðdölum.
9. Kjálkavegur í Akrahreppi: Frá Norðurá að Merkgili.
10. Miðvegur: Frá þjóðveginum hjá Garði í Hegranesi um Ríp að Eyhildarholti.
11. Lækjarvegur: Frá Læk í Viðvíkursveit niður á þjóðveginum á Lónsási.
12. Hólavegur: Frá Kolkuósi um Hóla að Hofsá.
13. Kolbeinsdalsvegur: Frá Kolbeinsbrú að Unastöðum í Kolbeinsdal.
14. Deildardalsvegur: Frá þjóðveginum norðan Grafaróss að Kambi í Deildardal.
15. Unadalsvegur: Frá Hofsósi að Bjarnastöðum í Unadal.
16. Bæjarvegur: Frá Hofsósi um Bæ á Höfðaströnd á þjóðveginum neðan við Mann-
skaðahól.
17. Hrolleifsdalsvegur: Frá Lónkoti fram Hrolleifsdal að Geirmundarhóli.
18. Sléttuhlíðarvegur: Frá þjóðveginum við brúna á Hrolleifsdalsá um Skálá á
þjóðveginum við Keldur.
19. Flókadalsvegur: Frá þjóðveginum vestan Sandóss fram Flókadal að Kraka-
völlum.
20. Sléttuvegur: Frá Fljótaárbrú um Sléttu að Skeiði.

2. gr.

3. gr. samþykktarinnar falli niður.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt,
samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi
þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.